



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

Hafrannsóknarstofnun

SKILAGREIN

Desember 2020

Efnisyfirlit

Almennt um skilagreinar.....	3
1 Upphaf verkefnis.....	4
2 Húsrymisáætlun	4
3 Verknúmer	4
4 Framvinda	4
5 Kostnaður verksins.....	4
6 Niðurstaða verkefnis	4
7 Ákvörðun verkkaupa	5
8 Verklok	5
9 Staðfesting skilagreinar.....	5



Mynd 1. Höfuðstöðvar Hafrannsóknarstofnunnar í Hafnarfirði

Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats.

Í reglum Framkvæmdasýslu ríkisins um fyrirkomulag skilamats segir: „**Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati**“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „skilagrein“ eða „skilablað“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við öflun leiguhúsnæðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilablað vegna umsjónar FSR fyrir FJR vegna byggingar nýs leiguhúsnæðis fyrir Hafrannsóknarstofnun (Hafró) að Fornubúðum 5 í Hafnarfirði.

Verkefnið

1. Upphaf verkefnis

Þann 13. mars 2018 var Framkvæmdasýsla ríkisins (FSR) falið að taka að sér umsjón með ákvæðum leigusamnings við byggingu húss fyrir Hafró í Hafnarfirði. Verkefnið er framhald af verknúmerinu 633 0120.

Verkefnistjóri: Pétur Bolli Jóhannesson. Verkaupi: Fjármála- og efnahagsráðuneytið.

Tengiliður verkaupa: Hrafn Hlynsson.

2. Verklýsing

Verkefnið var að hafa umsjón með og fylgja eftir ákvæðum leigusamnings við byggingu húsnæðis fyrir Hafrannsóknastofnun að Fornubúðum 5 í Hafnarfirði.

Heiti verkefnisins var: 633 0131 Hafró - Fornubúðir 5, verkframkvæmd.

Bókhalds- og greiðsluþjónusta vegna verkefnisins var ekki hjá FSR.

3. Verknúmer

Dagsetning á beiðni um verknúmer var 13. mars 2018 og verknúmerið **633 0131** var þá stofnað.

4. Framvinda

Verkefni FSR var að fylgjast með því hvort ákvæði húslýsingar og leigusamnings væru uppfylltar. Haldnir voru reglulegir verkfundir með leigusala um framgang verkefnisins og tímaáætlunum fylgt eftir.

Ákvæði húslýsingar gr. 2.1 Leigutími og afhending kveður á um að fyrsti hluti, sem er eldri bygging skyldi afhent fullbúin

1. mars 2019 og í framhaldinu nýbyggingin fullbúin til afhendingar skv. húslýsingu eigi síðar en 1. júní 2019.

Geymsluhúsnæðið var afhent formlega 1. apríl 2020 og nýbyggingin 8. maí 2020.

Tafir vegna geymsluhúsnæðis voru því sjö mánuðir og sex mánuðir fyrir nýbygginguna.

Ástæða tafa á afhendingu húsnæðisins var m.a. vegna þess að byggingarleyfi var fellt úr gildi eftir kærumeðferð. Sú seinkun var um sex mánuðir en auk þess tafðist afhending út af öðrum þáttum sem leigusali bar ábyrgð á.

Ef Hafró hefði ekki geta verið í þessu millibilsástandi í eldra húsnæðinu við Skúlagötu, hefði það getað haft afar slæmar og kostnaðarsamar afleiðingar fyrir stofnunina.



Mynd 2. Nýjar höfuðstöðvar Hafró í Hafnarfirði (mynd Mbl).

5. Kostnaður verksins

Heildarkostnaður FJR vegna verksins vegna umsjónarvinnu FSR er **kr. 6.970.317**.

6. Niðurstaða verkefnis

Nýbygging er risin og breytingar á geymsluhúsnæði lokið. Hafró hefur því flutt inn í nýtt húsnæði. Fram hafa farið verklokaúttektir og gefin út yfirlýsing um verklok.

7. Ákvörðun verkkaupa


Á ekki við.

8. Verklök


Dagsetning verkloka var 1.júlí 2020.

9. Staðfesting skilagreinar

Undirrituð staðfestir hér með framanritað skilablað fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri



www.fsr.is

